

Þeir, sem fara inn fyrir Eiði, mega ekki fara vestar en að tvö gul ljós ofarlega og vestarlega í bænum beri saman, og ekki norðar en miðið Brekaflá á Bjarnarrey í Faxasker að norðan.

Þeir, sem eru austur við Dyrhólaey, mega ekki fara austar en Dyrhólaeyjarvitinn miðist í misvísandi NA og skulu þeir halda sér innan við 45 faðma dýpi.

Þeir, sem fara austur að Alviðruhamravita mega ekki fara austar en að Alviðruviti miðist í norður eftir kompás, og ekki dýpra en á 60 faðma dýpi.

Út fyrir þessar línur má enginn bátur fara, fyrr en tímamerkið er gefið, og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir tilteknar línur. Eftirlitsbátar skulu dreifa sér á ofangreindar línur, svo að þeir geti sem bezt fylgzt með því, að ákvæðum fiskveiðisamþykktarinnar sé fylgt, og leyfist þeim að sjálfsögðu að fara út fyrir línu til eftirlits.

Á leiðinni út og inn höfnina má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að hann láti vel að stjórn.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarða, fyrr en tímamerkið hefur verið gefið.

Bátar þeir, sem ætla að sækja austur fyrir Dyrhólaey, mega alls ekki leggja línu sína vestan við Dyrhólaey, nema í þeim tilfellum, að veður hamli veiðum austan Dyrhólaeyjar. En þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem hafa tekið tímamerkið á Víkinni, og sameinast þeim, áður en þeir fara að leggja.

Bátar þeir, sem taka tímamerkið við Alviðruhamravita, skulu skyldir að fara minnst 15 sjómílur austur fyrir Alviðruhamravitann, áður en þeir byrja að leggja. Sömulveiðis mega þeir alls ekki leggja línu sína vestan áðurgreindra marka, nema í þeim tilfellum, að veður hamli veiðum í Meðallandsbugt, en þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem róðið hafa frá Dyrhólaey eða af Víkinni og sameinast þeim, áður en þeir byrja að leggja.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Vestmannaeyjakaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um sama efni, nr. 23 5. marz 1959.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 37.

18. febrúar.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 162. 30. september 1941.

Samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu.

1. gr.

a. Við 37. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Skylt er mönnum að hafa hunda sína í öruggri vörzlu.

Verði misbrestur á því eiga eigendur enga bótakröfu, ef hundar þeirra verða fyrir meiðslum eða fjörtjóni.

- b. Í 2. mgr. 50. gr. á eftir orðunum „varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti“ komi: „svo og um hámarksfjölda samkomugesta á hverjum stað“.
- c. Í 50. gr. komi ný mgr., sem verður 6. mgr. svo hljóðandi:

Nú hefur einhver orðið með dómsrannsókn sannur að sök um brot á ákvæðum þessarar gr. og er þá forráðamönnum samkomustaða heimilt að fengnu samþykki lögreglunnar að meina honum aðgang að samkomum um tiltekinn tíma. Slíkt hið sama er þeim skylt að gera, ef lögreglan krefst þess.

Börnum undir 16 ára er bönnuð dvöl á almennum dansleikjum eftir klukkan 20.00.

- d. Aftan við fyrirsögn annars þáttar bætist:
„Egilsstaðakauptúns, Djúpavogskauptúns, Stöðvarfjarðarkauptúns og Breiðdalsvíkurkaupúns“, „og“ á undan „Búðakauptúns“ falli niður.
- e. Framan við 69. gr. komi tvær mgr. svo hljóðandi:

Aldrei má aka bifreið eða öðru vélknúnu farartæki um götur kaupúnanna með meiri hraða en 35 km. á klukkustund.

Heimilt er lögreglustjóra eftir samþykkt hreppsnefnda að ákveða lægri hámarkshraða á tilteknum götum eða gatnaköflum, ef umferð um þær telst sérstaklega hættuleg.

- f. 73. gr. orðist svo: Innan kaupúnanna má eigi hafa alifugla nema í tveggja metra hárrí hæsnávirnetsgirðingu eða annari álíka girðingu, er lögreglan metur. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að alifuglar fari eigi inn í garða manna eða svæði, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu, og getur lögreglan þá látið sláttra alifuglum á kostnað eiganda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur. Einnig getur lögreglan látið sláttra þeim alifuglum, er hún telur eiga of illt eða eru til óþrifa.

Er eigendum skylt að endurgreiða slátrunarkostnaðinn.

- g. 74. gr. orðist svo: Búfénaður (sauðfé, nautgripir o. s. frv.) má ekki ganga laus í kaupúnunum.

Það er á ábyrgð eigenda, að búfénaður þeirra geri engan óskunda eða skaða í kaupúnunum, t. d. í löggirtum gördum eða túnunum enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en skýra skal hann tafarlaust lögreglunni frá því.

Allur sauðfénaður skal fluttur til beitar af verzlunarlóð kaupúnanna þegar að loknum sauðburði.

Fjárhús og önnur hús fyrir búpening má aðeins hafa þar sem hreppsnefnd ákveður.

Heimilt er hreppsnefndum að banna algerlega sauðfjárhald á verzlunarlóðum kaupúnanna. Ákvæði þessarar mgr. getur einnig átt við hrossahald.

Ef út af þessum ákvæðum er brugðið, varðar það eiganda sektum skv. XVII. kafla. Enn fremur skal eigandinn greiða allan kostnað við handsömun, varðveizlu og sölu fénaðarins. Selja má ágangsfénaðinn eða sláttra honum til lúkníngar þessum kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki tafarlaust.

- h. 81. gr. orðist svo: Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannaþæri.

Börnum 12 ára og yngri er bannað að vera á almannaþæri eftir kl. 20 og unglíngum 13—15 ára eftir kl. 22 á tímabilinu 1. okt. til 1. maí nema í fylgd með fullorðnum. Þó er þeim heimilt að sækja skemmtanir skóla og æskulýðsfélaga undir eftirliti foreldra eða fulltrúa þeirra. Þeim er á sama tímabili óheimill aðgangur að kvöldsýningum kvíkmyndahúsa og annarra skemmtistaða nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum.

Unglingum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni nema með leyfi foreldra eða forráðamanna. Lögreglan getur bannað börnum 12 ára og yngri, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, is-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 21, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara fyrirtækja ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki óheimilan aðgang. Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að opinberum dansleikjum. Undanskildir eru þó dansleikir innan félaga hjá æskulýðsfélögum og skólafélögum sbr. 2. mgr.

Bönnuð er sala þeirra sælgætisvara, sem að áliti héraðslæknis og barnaverndarnefndar, geta talizt hættulegar börnum og unglingum.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannað að skemmta á almennum samkomum, þar sem aðgangseyris er krafizt án sérstaks leyfis barnaverndarnefndar. Foreldrar viðkomandi barna og forráðamenn bera ábyrgð á, ef út af er brugðið.

Barnaverndarnefndum er heimilt að ákveða, að unglingum 12—16 ára skuli skylt að bera aldurskirteini.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um, að ákvæðum þessum sé hlýtt.

- i. Aftan við 87. gr. bætist: „Egilsstaðakaupún, Djúpavogskauptún, Stöðvarfjarðarkauptún og Breiðdalsvíkurauptún“, orðið „og“ á undan „Búðakaupún“ falli niður.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. febrúar 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í Neskaupstað:

- Egilsbraut 5 og 7 Grænaborg, eigendur Aðalsteinn Halldórsson, Andrés Guðmundsson, Björn Björnsson og Jón Pálsson.
 — 6 Nýi-Kastali, eigendur Aðalsteinn Halldórsson, Sigurbjörg Þorvarðardóttir, Sofus Gjoveraa, yngri, Sveinn Davíðsson og Sæsilfur hf.
 — 14 Sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
 — 16 Sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
 — 18 Hjallur, eigendur Pálmar Magnússon og Jóhanna og Sigrún Magnúsdætur.
 — 24 Pakkhús, eigandi Björn Björnsson.
 Eyrargata 6 Pakkhús, eigandi Þórshamar hf.